

48
3. maí

HAFNARREGLUGJÖRÐ

fyrir

Neskaupstað, Norðfirði.

Samkvæmt lögum nr. 76, 14. nóvember 1917, hefir ráðuneytið gefið út eftirfarandi hafnarreglugerð fyrir Neskaupstað í Norðfirði.

I. KAFLI.

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Neskaupstaðarhöfn tekur yfir Norðfjörð, vestan línu, sem hugsast dregin úr Uxavogstanga í Hellisfjarðarnes.

II. KAFLI.

Stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Bæjarstjórn Neskaupstaðar hefir á hendi stjórn hafnarmálanna undir yfirumsjón Stjórnarráðs Íslands.

Hafnarnefnd annast framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni og hafnarmannvirkjum, og sér um viðhald og umbætur á hvortveggju, stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta og annast fjárhald hafnarinnar og reikningsskil fyrir hönd bæjarstjórnar.

Hafnarnefnd er skipuð fimm mönnum, bæjarfógeta, sem er formaður hennar og fjórum mönnum öðrum, er bæjarstjórn kýs jafnframt öðrum fastanefndum bæjarins og til sama tíma.

Heimilt er bæjarstjórn að ráða hafnarvörð, þegar þurfa þykir eftir tillögu hafnarnefndar, sem setur honum erindisbréf.

3. gr.

Daglegar framkvæmdir og eftirlit annast formaður hafnarnefndar í samráði við hafnarnefnd. Til aðstoðar hafnarnefnd skulu vera svo margir starfsmenn, sem þurfa þykir.

III. KAFLI.

48

3. maí

Um almenna reglu.

4. gr.

Hafnarnefnd sér um, að gætt sé almennrar reglu á höfninni og við hana. Er öllum skylt að hlýða boði hennar og banni og ennfremur annara þeirra starfsmanna, er hún setur til að gæta reglu. Þyki einhverjum sér óréttur ger, getur hann kært það fyrir bæjarfógeta, en skipun hafnarnefndar eða starfsmanna hafnarinnar ber að hlýða tafarlaust. Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

5. gr.

Öll skot við höfnina og á henni eru stranglega bönnuð og sérstaklega skal gæta þess, að skot og fugladráp frá skipum og bátum á höfninni eigi sér ekki stað. Þó getur hafnarnefnd veitt undanþágu frá ákvæði þessu, þegar sérstaklega stendur á og í einstöku tilfellum, svo sem til að skjóta hvali eða sel.

6. gr.

Skylt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum á höfninni. Í skipum sem flytja eldfim efni, má ekki kveikja eld eða ljós, nema í eldavél skipsins og á ljóskerum. Tóbaksreykingar eru bannaðar í þeim skipum og á því svæði, sem unnið er að fermingu þeirra eða affermingu. Álíti hafnarnefnd að hætta geti stafað af fermingu og affermingu eldfimrar vöru, er henni heimilt að stöðva verkið, unz gerðar hafa verið nauðsynlegar varúðarráðstafanir.

Bannað er að sjóða tjöru, bik, fernisolíu og annað slíkt, sem eldhætta getur stafað af, í skipum á höfninni, svo og á landi hafnarinnar, nema með sérstöku leyfi bæjarfógeta í hvert sinn.

7. gr.

Seglfestu má hvergi kasta úti á höfninni, nema með leyfi hafnarnefndar og selgfestu má hvergi taka, nema með leyfi landeigenda og hafnarnefndar.

Við höfnina má ekki gera nein hafnarmannvirki, né breyta eða auka við þau hafnarmannvirki, sem nú eru, og ekki heldur fylla upp né dýpka út frá landi, nema leyfi bæjarstjórnar komi til, og gildir leyfið aðeins til eins árs, sé það látið ónotað.

Bannað er að kasta fiskiúrgangi eða öðrum óþrifnaði í sjóinn frá skipum er liggja við hafnarbryggjur.

IV. KAFLI.

Um legu skipa og umferð þeirra á höfninni.

8. gr.

Fiskiskip og önnur skip, er ferma ekki né afferma, mega aldrei liggja svo á höfninni, að tálmi fermingu eða affermingu annara skipa, og skulu þau í hvert skifti skyld að hlýða boði hafnarnefndar um það, hvar þau skuli leggjast.

Ekki má leggja skipum eða bátum svo nærri bryggjum, að eigi sé að dómi hafnarnefndar, nægilegt og gott pláss fyrir önnur skip að komast að og frá, né heldur má leggja netum eða duflum svo nálægt bryggjum, að aðgangur verði ógreiður skipum.

Skip mega aldrei leggjast svo út frá sér strengi eða önnur festartæki, að umferð tálmi. Festartæki frá skipi má aldrei leggjast yfir alfaraveg.

9. gr.

Vélbátum, sem heima eiga í Neskaupstað, eða gerðir eru út þaðan og liggja við sérstök legugögn á höfninni yfir sumartímann, má ekki leggjast, svo að hindri eða tefji umferð um höfnina.

Hafnarnefnd getur ákveðið, hvar og hvernig legufæri þeirra skuli lögð.

Enginn má flytja legugögn báts síns, nema með leyfi hafnarnefndar, en heimilt er eiganda þeirra að taka þau upp án leyfis nefndarinnar.

10. gr.

Nú tregðast eigandi, skipstjóri eða umráðamaður skips, við að hlýða skipun hafnarnefndar eða umsjónarmanns, að flytja skip sitt eða bát eða strengi á höfninni, og getur þá hafnarnefnd látið gera það á kostnað og ábyrgð eiganda eða umráðamanns.

11. gr.

Eigi má festa skipum við uppfyllingar eða bryggjur, nema við festarhringa eða við festarstólpa. Festum skal þannig fyrirkomið, að þær hindri sem minnst umferð á bryggjunni eða uppfyllingunni. Þyki þess eigi nægilega gætt, má krefjast, að úr því sé bætt tafarlaust.

Skylt er að hafa tryggar hlífar milli skipa og bryggju eða uppfyllingar.

12. gr.

Ef skip lendir á grynningum eða sekkur, þar sem það, að áliti hafnarnefndar, tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það burt

svo fljótt sem auðið er. Verði dráttur á því, getur hafnarnefnd látið færa skipið burt á kostnað eigandans, og er heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum, ef nauðsyn krefur. Lögtaksréttur fylgir kröfu hafnarnefndarinnar á hendur eiganda eða leigjanda skips.

48
3. maí

V. KAFLI.

Notkun á hafnarbryggjum og geymsluhúsum.

13. gr.

Venjulega er skipum heimilt að leggjast við bryggju hafnarinnar í þeirri röð, sem þau koma. Þó skulu skip, sem sigla eftir fyrirfram ákveðinni, auglýstri ferðaáætlun og flytja póst, hafa að öðru jöfnu rétt til þess að leggjast að bryggju, þó önnur skip liggi þar fyrir, og verða þau að víkja meðan hin eru afgreidd. Samskonar rétt hafa vélskip fram yfir seglskip. Sé fermingu eða affermingu skips ekki haldið áfram með hæfilegum hraða, að áliti hafnarnefndar, ber því að víkja fyrir öðrum skipum, ef hún krefst þess. Ennfremur getur hafnarnefnd vísað skipum frá bryggjunni, áliti hún það nauðsynlegt vegna veðurs, eða annars. Ef ágreiningur rís, ræður hafnarnefnd, í hverri röð skip komast að bryggjunni.

14. gr.

Ef nauðsyn ber til, að skipum, sem ferma eða afferma við bryggju eða uppfyllingu, sé lagt hverju við hliðina á öðru, er heimilt að flytja farm þeirra skipa, sem utar liggja, yfir þilför hinna á bjálkabrun. Svo er og skipshöfn og farþegum þeirra skipanna, sem utar liggja, heimil nauðsynleg umferð um þilför þeirra skipanna er nær liggja.

15. gr.

Þegar lokið er fermingu eða affermingu, skal afgreiðslumaður eða skipstjóri, ef þörf gerist, láta ræsta bryggju þá eða uppfyllingu, sem notuð hefir verið. Farist það fyrir, skal hafnarnefnd sjá um að það sé gert á þeirra kostnað. Kostnaðinn má taka lögtaki hjá afgreiðslumanni og eiganda skips.

16. gr.

Þeir munir eða vörur, sem affermdar eru eða látnar í skip, mega ekki liggja á bryggju eða uppfyllingu og eigi annarsstaðar á landi hafnarinnar, en á þeim stöðum, sem ætlaðir eru til geymslu, nema með sérstöku leyfi hafnarnefndar. Skal flytja burtu muni og vörur jafnskjótt og hún krefst þess. Hafnarnefnd getur heimtað gjald eftir vörur, sem látnar eru liggja á landi hafnarsjóðs.

48

3. maí

17. gr.

Fyrir geymslu á vörum eða varningi í húsum hafnarinnar, sem til þess eru sérstaklega ætluð, og ekki eru leigð öðrum með samningum, skal eigandi eða umráðendur varningsins greiða gjald, er í hvert sinn ákveðst af bæjarfógeta. Gjald þetta skal greitt áður en varningurinn er fluttur úr húsum hafnarinnar.

VI. KAFLI.

Lestagjöld.

18. gr.

Öll skip, seglskip, gufuskip og vélskip, stærri en 12 smálestir, hvort sem þau eru tóm, hlaðin vörum eða seglfestu, skulu greiða lestagjald í hvert sinn, er þau leggjast á Neskaupstaðarhöfn eða við bryggju, þó með þeim undantekningum, sem síðar getur.

Ef ekki er öðruvísi ákveðið, reiknast lestagjaldið af nettó burðarmagni skipsins, talið í heilum smálestum, og er hálf smálest talin sem heil, en minna broti sleppt.

19. gr.

- a. Skip, sem eru eign búsettra manna í Neskaupstað, eða gerð eru þaðan út eða skrásett þar, skulu greiða einu sinni á ári eina krónu af hverri brúttó smálest, þó ekki minna en tíu króna árlegt gjald.
- b. Skip, sem ganga eftir opinberum ferðaáætlunum, skulu greiða fimm aura af hverri smálest, hvert sinn er þau leggjast á Neskaupstaðarhöfn.
- c. Öll önnur skip, er til hafnar koma, nema herskip, varðskip, skemti-ferðaskip, vísindaleg rannsóknarskip og skip, sem leita hafnar í í neyð, skulu greiða tíu aura af hverri smálest, hvert sinn, sem þau leggjast á höfnina.

20. gr.

Ef flutningaskip liggur lengur á höfninni en tíu daga, skal það greiða fimm aura af smálest að nýju fyrir hverja tíu daga eða brot úr þeim.

VII. KAFLI.

Bryggjugjöld.

21. gr.

- a. Gjald af bryggjum hafnarsjóðs:

Hvert skip sem legst við hafnarbryggju bæjarins, skal greiða bryggjugjald fimm aura af hverri nettósmálest skipsins. Hálf smálest

reiknast sem heil, en minna broti sé sleppt. Gjaldið skal greiða fyrir 48 hvern sólarhring, en hluti úr sólarhring telst sem heill. 3. maí

Flutningaskip, sem sigla eftir föstum ferðaáætlunum, greiði þó aldrei yfir 30 krónur fyrir sólarhring eða hluta úr sólarhring. Skip, sem liggur við hlið annars skips, er liggur við bryggju í höfninni, skal greiða hálf bryggjugjald, samkvæmt framansögðu.

Skip, sem eru eign búsettra manna hér eða skrásett hér, greiði bryggjugjald eftir samningi við hafnarnefnd. Varðskip, herskip og vísindaleg rannsóknarskip eru undanþegin bryggjugjaldi.

b. Gjald af bryggjum einstakra manna.

Bryggjueigendur greiði ekkert gjald af sínum eigin fiskiskipum, eða öðrum fiskiskipum, sem stunda fiskveiðar eða síldveiðar og leggja upp afla sinn á bryggjur þeirra, eða taka vistir sínar og aðrar nauðsynjar til eigin notkunar.

Frá fyrsta janúar 1930 skulu öll gjaldskyld skip, sem nota bryggjur einstakra manna, greiða hafnarsjóði hálf bryggjugjald samkvæmt gjaldskrá hafnarinnar.

22. gr.

Ef bæjarstjórn síðar ákveður og heimilar hafnarnefnd að leggja hafnarfestar fyrir vélbáta á kostnað hafnarsjóðs, þá hefir hafnarnefnd umráð yfir festunum og ráðstafar þeim til eins árs í senn. Til þess að standast kostnað við útbúnað hafnarfesta, má hafnarnefnd leggja festargjald á alla vélbáta, sem héðan verða gerðir út á þeim tíma. Íbúar Neskaupstaðar hafa forgangsrétt til að fá á leigu hafnarfestar til afnota fyrir báta sína. Framsal á festum er óheimilt.

23. gr.

Þegar bæjarstjórn hefir ákveðið að láta gera naust eða dráttarbraut til uppsáturs fyrir minni og stærri báta og hafnarnefnd hefir lútið framkvæma byggingu slíkra nausta (dráttarbrautar), skal öllum bátaeigendum heimilt að geyma þar báta sína gegn uppsátursgjaldi í hafnarsjóð, enda greiði þeir uppsátursgjaldið þó bátarnir séu annarsstaðar geymdir.

Báta, sem ekki eru notaðir að jafnaði, má ekki geyma á stöðum þar sem þeir eru, að dómi lögreglustjóra, til óþrifnaðar eða óþæginda.

VIII. KAFLI.

Vörugjald.

24. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum, sem fluttar eru af skipsfjöllum á land, eða úr landi á skipsfjöllum, eða úr einu skipi í annað, með þeim undantekningum, er síðar getur.

25. gr.

Undanþegnar vörugjaldi eru þessar vörur:

- a. Vörur, er samkvæmt farmskrá skips eiga að fara til annara hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.
- b. Vörur, sem á farmskrá skips eru ákveðnar til annara hafna en Neskaupstaðar, en eru látnar þar á land um stundarsakir, vegna skemmda á skipi eða í misgripum.
- c. Nýr og saltaður fiskur óverkaður og nýjar fiskiafurðir og síld, þegar þetta er flutt í land í höfninni eða flutt hingað frá öðrum verstöðum.
- d. Umhleðsluvörur, sem lagðar eru á land um stundarsakir og ákveðnar eru til annara hafna innanlands eða utan.
- e. Innlendir kartöflur, rófur, kálmeti, svo og aðrar innlendir landbúnaðarafurðir, svo sem mjólk, smjör, tólg, kjöt, sláturafurðir og hey.
- f. Innlend alidýr á fæti, svo sem hestar, nautgripir, sauðfé, alifuglar og önnur húsdýr.
- g. Kol, olía, vistir og aðrar nauðsynjar skipa og báta til eigin notkunar, þegar þær eru fluttar úr landi.
- h. Póstur og farangur ferðamanna.
- i. Vörur og tæki til hafnarinnar og annara fyrirtækja bæjarins.

26. gr.

Af vörum, sem fluttar eru úr landi á skip og ákveðnar eru til annara hafna innanlands, greiðist hálf vörugjald.

27. gr.

Vörugjald skal reikna eftir þyngd eða rúmmáli með umbúðum. Brot úr gjaldeiningu, sem nemur meira en helmingi, telst heil gjaldeining, hálf og brot, hálf gjaldeining. Fara skal eftir farmskrá skipa með útreikning vörugjalds og er skipstjóri skyldur að láta bæjarfógeta í té eftirrit af farmskrá skipsins. Sé engin farmskrá, skal skipstjóri eða formaður báts gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem fleyta hans hefir fermt eða affermt. Þyki bæjarfógeta ástæða til, getur hann, hve-

nær sem er, látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hann telur hentugastan. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið 3. maí 48 kostnaðinn.

Ef ýmsar vörutegundir eru í sendingu, skal reikna vörugjald eftir þeirri tegund, sem hæst gjald skal greiða af.

Við útreikning vörugjalds skal leggja saman hvern vöruflokk, sem saman stendur á skránni, ef móttakandi hér eða sendandi hér er einn og sami maður.

28. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því, sem vörugjaldskrá tiltekur og gjald skal greiða eins og þar segir. Þó skal aldrei reikna vörugjald minna en 25 aura.

Ef vafi leikur á í hvaða flokki á að telja vörur, skal bæjarfógeti skera úr, en úrskurði hans má áfrýja til hafnarnefndar.

29. gr.

Vörugjaldsskrá.

1. flokkur: Gjald 10 aurar fyrir hver 100 kg. kol, salt, sement, síld, fiskur, lýsi, fiskimjöl, olíur, kornvara, sykur og járnvörur.
2. flokkur: Gjald 3 aurar af teningsfeti. Trjáviður og aðrar vörur, sem reiknaðar eru eftir rúmmáli.
3. flokkur: Gjald 5 aurar fyrir stykki. Tómar tunnur.
4. flokkur: Gjald 20 aurar fyrir hver 100 kg. Allar aðrar vörur.

30. gr.

Móttakandi greiðir vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, en sendandi af vörum, sem fluttar eru úr höfninni.

Ef skip eða bátur hefir ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri eða formaður ábyrgð á greiðslu gjaldsins.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað, greiðir sá vörugjald er affermir.

Vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, fellur í gjald-daga þegar skipið, sem vöruna flytur, er komið á höfnina og vörugjald af vörum, sem fluttar eru úr höfninni, fellur í gjalddaga þegar vörurnar eru komnar á skip.

Hafnarsjóður hefir haldsrétt í vörunum, unz vörugjald er að fullu greitt.

IX. KAFLI.

Innheimta, greiðsla gjalda, hegningarákvæði o. fl.

31. gr.

Gjalddagi hafnargjalda, sem greiðast einu sinni á ári, er 1. júní. Öll önnur gjöld í hafnarsjóð falla í gjalddaga, þegar skipið hefir lagst á höfnina, eða hlutaðeigandi mannvirki er tekið til afnota.

32. gr.

Bæjarfógeti sér um innheimtu allra hafnargjalda og skal greiða gjöldin á skrifstofu hans.

33. gr.

Formaður báts og skipstjóri skips, bera ábyrgð á greiðslu hafnargjalda af skipi sínu. Ennfremur ber eigandi skips ábyrgð á greiðslu allra gjalda samkvæmt reglugjörð þessari.

34. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugjörðinni renna í hafnarsjóð.

35. gr.

Öll gjöld til hafnarinnar hafa lögtaksrétt og hefir hafnarsjóður haldsrjett í skipum og bátum fyrir hafnargjöldum. Skipstjóri, sem fer af höfninni án þess að greiða lögmæt hafnargjöld hefir gjörst sekur um brot á reglugjörð þessari.

36. gr.

Um skaðabótaskyldu fyrir skemmdir á hafnarmannvirkjum og áhöldum fer eftir almennum lagareglum. Bæjarfógeti er réttur sóknaraðili skaðbótamáls.

Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur, skulu þær ákveðnar af þremur óvilhóllum dómkvöddum mönnum og má enginn þeirra vera í þjónustu bæjarins.

Hvor aðili um sig getur krafizt yfirmats, en það skal gjört áður en einn mánuður er liðinn frá því er undirmati var lokið.

Yfirmatið skal framkvæmt, eins og undirmat, af fimm óvilhóllum, dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, sem þess hefir krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af ákveðinni endurgjaldsupphæð. Að öðrum kosti greiðir hinn aðili kostnaðinn. Skip er að lögveði fyrir skaðabótum.

Löglega ákveðnar skaðabætur má taka lögtaki.

37. gr.

48

3. maí

Enginn, sem hefir bakað sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugjörð þessari, má fara burt úr höfninni meðan mál hans er óútkljáð, nema að hann setji tryggingu, sem hafnarnefnd tekur gilda. Sama gildir um skaðabótaskyld skip.

38. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum frá 10 til 500 krónum, nema þyngri hegning liggi við eftir almennum lögum.

Sektirnar renna í hafnarsjóð.

39. gr.

Mál út af brotum á reglugjörð þessari skal fara með, sem almenn lögreglumál.

40. gr.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 15. maí 1929, og er þá jafnframt úr gildi numin hafnarreglugjörð fyrir Neskaupstún frá 17. sept. 1926.

Reglugjörð þessi birtist hérmeð til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 3. maí 1929.

Tryggvi Þórhallsson.

Páll Pálmason.

STAÐFESTING KONUNGS á skipulagsskrá fyrir „Þúfnavalla-
legat“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumála-
ráðherra 6. maí 1929. Skipulagsskráin er þannig:

49

6. maí

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Þúfnavallalegat.

Þegar það fyrra okkar undirritaðra hjóna andast, skal taka 2000 — tvö þúsund — krónur af félagsbúi okkar og leggja í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands til ævarandi ávöxtunar, samkvæmt þessari skipulagsskrá.